

Guðbjörn Jónsson



Opið bréf til forystu Samfylkingarinnar.

Undirritaður er fóstursonur eins af stofnendum Alþýðuflokksins sáluga og var lengi framan af hreykinn af því að geta kallað sig jafnaðarmann. Því miður hefur sú ánægja dvínað undanfarna áratugi og fór mjög þverrandi eftir stofnun hins nýja jafnaðarmannaflokks með nafninu Samfylking.

Veruleg breyting varð á sjónarmiði um jafnaðarmennsku eftir að Samfylkingin varð það heltekin af ESB sýklinum, sem virtist hreinlega svifta forystulið flokksins heilbrigðri dómgreind. Leiddi þetta einsýni til þess að **ÖLL megin málefna svið jafnaðarmennsku fóru að vera sniðgengin og hreinlega hunsuð**, til að geta mokað sem mestum peningum í hið sjúklega einsýni flokksforystunnar. Allt kapp virtist lagt í að láta þjóðina afsala sér því sjálfsforræði sem náðist fyrir nokkrum áratugum. Langþráðum draum forvera okkar sem kostað hafði þjóðina mikla baráttu að öðlast.

Það gengur erfiðlega að sjá heilbrigða skynsemi í þeim fáránlega trúðsleik, núverandi formanns flokksins, varðandi ESB umræðuna. Ekki virðist hann hafa lag á eðlilegum, heiðarlegum og upplýsandi samskiptaháttum, heldur fer hann iðulegast ofar fjallatoppum í hreinum ósannindum í málflutningi sínum. Hann sakar stöðugt núverandi stjórnvöld um vitleysur eða óheiðarleika, sem vægt til orða tekið er afar léttvægt þegar borið er saman við ferli hans sjálfs og Samfylkingarinnar, fyrir og eftir bankahrunið 2008. Verðugt væri að bera saman stjórnarhætti Samfylkingar á þeim tíma, við stjórnarhætti núverandi stjórnvalda. Það verður ef til vill gert síðar, en er ekki umfjöllunarefni þessa bréfs.

Meginefni þessa erindis byggist á þeim æsingi sem flokkurinn hefur komið af stað vegna tillögu núverandi utanríksráðherra um að draga til baka umsókn um aðild að ESB. Hávaðinn og vanþekkingin sem frá forystu flokksins hefur streymt á þessum vikum, er með því líkum ólíkindum að jaðrar við hugsýki á háu stigi. Það er engu líkara en flokkurinn hafi ekki enn gert sér grein fyrir því að Þingsályktunartilaga fyrrverandi utanríksráðherra, Össurar Skarphéðinssonar, **var að öllu leyti í algjöru ósamræmi við reglur ESB um ferli umsóknar um aðild að bandalaginu**. Og þar af leiðandi var þingsályktunin **ÓFRAMKVÆMANLEG**.

Það sorglega við allt það ferli er, að í álitni meirihluta þáverandi utanríkismálanefndar kemur afar skýrt og greinilega fram, að nefndinni er **FULLKUNNUGT** um að reglurnar um aðildarumsókn eru **með allt öðrum hætti** en þingsályktunartillagan hljóðar uppá. Þrátt fyrir það er haldið fast við að óska heimildar Alþingis til viðræðna við ESB um hugsanleg samningsdrög sem lögð verði í þjóðaratkvæði **áður en til samnings komi**. Nauðsynlegt væri að þingflokkur Samfylkingarinnar skýrði opinberlega frá því hvað olli afgreiðslu þingsins á umræddri þingsályktun, vitandi um **að engin leið** var að fá samningaviðræður um **HUGSANLEGAN aðildarsamning**, sem að loknum viðræðum yrði borinn undir þjóðina áður en samningur yrði gerður.

Meirihlutaálit þáverandi utanríkismálanefndar (2009), lét koma skýrt fram í álitni sínu, að ferli umsóknarríkis til aðildar að ESB sé bein aðlögun í 35 áföngum. Hver kafla fyrir sig er sjálfstætt **aðlagður að lögum og reglum ESB**, þannig að **í hverjum og einum áfanga er aðlögun fulllokið, niðurstaðan samþykkt af öllum aðildarríkjum bandalagsins áður en opnuð er aðlögun að næsta áfanga**. Rík áhersla var á þetta lögð í álitni þáverandi meirihluta utanríkismálanefndar, eins og eftirfarandi útdráttur úr álitinu ber með sér. Þar segir eftirfarandi: (áherslur mínar)

"Sú breyting hefur orðið á stækkunarviðræðum að sérstök áhersla er nú lögð á að ríki hafi í raun uppfyllt tiltekin viðmið varðandi hvern og einn kafla áður en samningar um þá eru opnaðir og einnig áður en þeim er lokað. Í þessu felst að sem minnst er gefið af frestum til að uppfylla skilyrðin áður en köflum er lokað heldur er þeim ekki lokað fyrr en ákveðnum markmiðum er náð í framkvæmd og með innleiðingu löggjafar í viðkomandi ríki. Slíkt er að sjálfsögðu óháð þeim aðlögunartíma og undanþágum sem kann að semjast um."

Óskiljanlegt er, í ljósi þess hve þarna er skýrt tekið til orða í álitni þáverandi utanríkismálanefndar, að **þingflokkur Samfylkingarinnar skuli hafa tekið þátt í að blekkja þjóðina með svo afgerandi hætti sem gert var**. Að láta hana halda að samninganefnd okkar væri í viðræðum um

HUGSANLEGAN samning, þegar fyrir lá vitneskja um að allar viðræður yrðu um beina aðlögun þjóðfélagsins, sem að fullu yrði aðlagð að ESB þegar síðasta áfanga samninga yrði lokað.

Mér leikur forvitni á að vita hvort forysta og þingflokkur Samfylkingarinnar hafi ekki verið sér meðvituð um að þingsályktunartillagan frá 2009 hafi í raun verið óframkvæmanleg? Og hvort forysta og þingflokkur hafi ekki gert sér grein fyrir því að fyrrverandi utanríkisráðherra **HAFÐI ENGA SAMÞYKKT ALÞINGIS** fyrir þeirri framgöngu sem hann stóð fyrir, **um beina aðlögun þjóðarinnar að ESB?**

Mér leikur einnig forvitni á að vita hvort forystusveit og þingflokkur eru ekki farin að þreytast á öllum þeim vitleysum sem streymt hafa frá núverandi formanni flokksins. Ekki er nóg með að, sem þáverandi félagsmálaráðherra hafi hann lagt fyrir þingið frumvörp sem í raun voru ekki þingtæk vegna ólögmetra ákvæða, auk þess sem þau voru einnig með innifalin augljós stjórnarskrárbrot.

Forkastanlegt verður að teljast þegar lögfræðimenntaður maður gerir slík axarsköft sem að framan er lýst. En sýnu alvarlegra er þó að **þingflokkurinn skuli hafa samþykkt og afgreitt, sem lög frá Alþingi, slíkar forsmánir.** Í nefndum lögum var t. d. **heimiluð innrás í lánaviðskipti fólks sem hefur fullt sjálfræði og fjárræði en var í lánaviðskiptum við Íbúðalánasjóð.** Fólk var án samráðs svipt fjárræði og óumberðnar skilmálabreytingar gerðar á lánasamningum að því forspurðu. Undirritaður gerði fyrrspurn til ÁPÁ félagsmálaráðherra vegna hinnar ólögmetu innrásar í fjárræði fólks, en fékk engin svör. Auk þessa beittu ráðherra og Alþingi undarlegum vinnubrögðum, **þegar ólögmet starfsemi lánastofnanna var talin lögleg.** Beitti ÁPÁ sér fyrir þeirri lagasetningu, þar sem ólögleg lánastarfsemi, var talin lögleg. **Og án réttarheimildar voru skilmálar lánasamninga taldir ólögmatir og þeir, með ólögmetum aðgerðum gerðir verulega íþýngjandi fyrir lántakana.** Sú vitleysa sem ÁPÁ þáverandi félagsmála- og síðar viðskiptaráðherra setti þá af stað, hefur beinlínis komið í veg fyrir eðlilega ljúkningu leiðréttinga varðandi hina ólöglegu gengistryggðu lána lánastofnana.

Merkilegt er að forystusveit og þingflokkur Samfylkingarinnar skuli ekki hafa manndóm í sér til að hemja hið helsýkta hugarfar núverandi formanns, heldur skipti eftir skipti, viku eftir viku, hlusta á örökstuddar öfgakenningar hans um hagsmuni þjóðarinnar af inngöngu í ESB. Ef formaðurinn léti sér nægja að þrástagast á hugarflugi sínu og rökstyddi það á skiljanlegu mannamáli, en léti vera að ráðast, á frekar ósvífinn máta að persónum sem honum eru ósammála, væri e.t.v. auðveldara að umbera vitleysuna.

Það er hins vegar með öllu óskiljanlegt að ekki skuli vera til staðar í forystu og þingflokki þetta stórs stjórn málaflökks, meiri virðing fyrir heiðarleika, sannsögli og rökrænni upplýsandi umræðu, en raunveruleiki nútíðarinnar ber daglega á borð fyrir landsmenn. Það að Samfylkingin fór með viðskiptaráðuneyti síðustu 18 mánuði fyrir bankahrún, leiðir af sér að flokkurinn bar ótvírætt að meginþunga pólitíska ábyrgð á bankahrúninu, með fullkomnu eftirlitsleysi varðandi erlenda lántöku lánastofnana. Á 18 mánaða stjórnartíð hennar fyrir hrún, jukust erlend skammtímalán það mikið að þau u. þ. b. tvöfölduðu þá skuldastöðu sem greiða þarf af gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Maður hefði ætlað, eða alla vega vænst þess, að í jafn stórum stjórn málaflökki og Samfylkingin er, væru til staðar öfl sem hefðu siðferðisstyrk til að skammast sín fyrir nýlega fortíð og reyndu að sýna iðrun og endurbót þjóðfélagslegrar ábyrgðar, með því að ganga fram af meiri siðprýði en yfir okkur dynur daglega frá forystu flokksins. Aftur og aftur er svo bergmálað af þekkingaleysi frá jábræðrum á hinum mörgu netmiðlum, með álíka persónuárásum og þekkingarskort, sem forystan sýnir af sér.

Reykjavík 16. mars 2014

